

PERSÓNUVERNDARSTEFNA

Yfirlýsing um persónuvernd

Menntasjóður námsmanna gætir þess í hvívetna að tryggja persónuvernd þeirra einstaklinga sem eiga viðskipti við stofnunina. Stofnunin mun ávallt fylgja lögum og reglum sem gilda um rétta meðferð og vinnslu persónuupplýsinga og leggja sérstaka áherslu á fagmannleg vinnubrögð við meðferð persónuupplýsinga.

Stefna Menntasjóðsins er að þeir starfsmenn stofnunarinnar sem fara með persónuupplýsingar einstaklinga séu vel upplýstir um inntak og eðli reglna sem gilda um meðferð og vinnslu persónuupplýsinga. Stofnunin mun reglulega sinna fræðslu til starfsmanna til að tryggja og viðhalda ábyrgu verklagi og munu allir starfsmenn þurfa að kynna sér stefnu þessa.

Upplýsingar um ábyrgðaraðila

Ábyrgðaraðili er Menntasjóður námsmanna, Borgartúni 21, 105 Reykjavík, kt. 710169-0989.

Hafa má samband við Menntasjóðinn með því að hringja í síma 560-4000 eða með því að senda tölvupóst á netfang sjóðsins menntasjodur@menntasjodur.is.

Menntasjóðurinn er ábyrgðaraðili að vinnslu persónuupplýsinga sem fram fer af hálfu sjóðsins. Menntasjóðurinn er stofnun sem starfar eftir lögum nr. 60/2020 og er aðalhlutverk sjóðsins að tryggja þeim sem fjalla undir löggin tækifæri til náms án tillits til efnahags. Auk þess fjallar reglugerð nr. 478/2011 enn frekar um starfsemi stofnunarinnar. Árlega samþykkir stjórn Menntasjóðs úthlutunarreglur sem eru staðfestar af ráðherra en þær eru ígildi reglugerðar. Sjóðurinn sér einnig um veitingu jöfnunarstyrkja til nemenda á framhaldsskólastigi en lög um námsstyrki nr. 79/2003 og reglugerð nr. 692/2003 með síðari breytingum fjalla sérstaklega um þessa styrki.

Persónuverndarfulltrúi

Netfang persónuverndarfulltrúa sjóðsins er personuvernd@menntasjodur.is. Einnig er hægt að senda bréf til Menntasjóðs námsmanna, Borgartúni 21, Reykjavík, en þá skal umslagið merkt persónuverndarfulltrúa.

Söfnun og notkun persónuupplýsinga

Sjóðurinn mun gæta þess að aðeins sé unnið með persónuupplýsingar sem nauðsynlegt er að vinna með í þágu starfsemi stofnunarinnar.

Söfnun og vinnsla persónuupplýsinga er fyrst og fremst til þess fallin að Menntasjóður námsmanna geti sinnt lögbundnu hlutverki sínu og þær upplýsingar sem unnið er með skulu ekki vera rýmri en nauðsynlegt er til að stofnunin geti sinnt hlutverki sínu. Söfnun og notkun persónuupplýsinga er oftast á grundvelli lagaskyldu eða heimildar sjóðsins þar um. Auk þess getur notkun upplýsinganna verið til þess að efna samning við hinn skráða aðila eða að beiðni hins skráða áður en samningur er gerður við Menntasjóðinn.

Sjóðurinn gætir að því að afla samþykkis með fullnægjandi hætti þegar upplýsinga er óskað á þeim grundvelli.

Sjóðurinn mun halda vinnsluskra um þær persónuupplýsingar sem unnið er með og flokka persónuupplýsingar á grundvelli þess hversu viðkvæmar þær kunna að vera.

Stofnunin skal gæta þess að sinna fræðsluskyldu sinni til viðskiptavina um hvaða persónuupplýsingar er unnið með og í hvaða tilgangi.

Notkun á vafrakökum

Vafrakökur eða svokallaðar „cookies“, þ.e. skrá sem er komið fyrir á tölvum notenda sem heimsækir vef og geymir upplýsingar um heimsóknina, eru notaðar til að telja heimsóknir á vefinn.

Það er stefna Menntasjóðsins að nota vafrakökur sparlega og með ábyrgum hætti. Notendur vefsins geta að sjálfsgöðu stillt vafra sína þannig að þeir láti vita af kökum eða hafni þeim með öllu.

Sjóðurinn notar Google Analytics til vefmælinga. Við hverja komu inn á vefinn eru nokkur atriði skráð, svo sem tími og dagsetning, leitarorð, frá hvaða vef er komið og gerð vafra og stýrikerfis. Þessar upplýsingar má nota við endurbætur á vefnum og þróun hans, t.d. um það efni sem notendur sækjast mest eftir og fleira. Engum frekari upplýsingum er safnað um hverja komu og ekki er gerð tilraun til að tengja slíkar upplýsingar við aðrar persónugreinanlegar upplýsingar.

Á síðum vefsins er hægt að hafa samband við sjóðinn með því að senda tölvupóst. Ábendingar eða fyrirspurnir eru sendar á almennt netfang menntasjodur@menntasjodur.is. Afrit af erindunum og svörum sjóðsins eru ekki vistuð í vefumsjónarkerfinu.

Vinnsla þriðja aðila með upplýsingar

Þriðji aðili kann að vinna með persónuupplýsingar sem eru í vörslu sjóðsins á grundvelli þjónustu- og verktakasamnings. Sjóðurinn leggur áherslu á að þeir aðilar fari eftir þeim reglum sem gilda um persónuverndarlöggjöf og að til staðar sé vinnslusamningur við alla þá aðila.

Stofnunin mun leggja sérstaka áherslu á að persónuupplýsingar séu ekki afhentar öðrum en þeim aðilum sem eiga rétt á að fá þær afhentar samkvæmt lögum. Meðal annars skal tryggt að tölfræðiupplýsingar sem eru birtar eða afhentar þriðja aðila séu ekki persónugreinanlegar.

Sjóðurinn mun ekki hýsa eða geyma persónuupplýsingar í landi þar sem evrópsk persónuverndarlöggjöf er ekki í gildi.

Öryggi persónuupplýsinga

Menntasjóðurinn mun tryggja öryggi gagna og gera nauðsynlegar ráðstafanir til að lágmarka áhættu og vernda persónuupplýsingar. Þessum ráðstöfunum er ætlað að vernda persónuupplýsingar gegn því að þær glattist eða breytist fyrir slysi og gegn óleyfilegum aðgangi, afritun, notkun eða miðlun þeirra. Sjóðurinn mun leitast við að tryggja að þær persónuupplýsingar sem geymdar eru hjá stofnuninni séu réttar.

Sjóðurinn vinnur að öryggisvitund starfsmanna með viðeigandi fræðslu og þjálfun varðandi öryggi við vinnslu persónuupplýsinga.

Trúnaður

Starfsfólk Menntasjóðs námsmanna gætir trúnaðar í samræmi við lög nr. 70/1996 um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins og reglur um öryggi upplýsinga hjá stofnuninni og helst hún þótt látið sé af störfum. Þá hafa jafnframt verið settar síðarreglur sem starfsfólki ber að fylgja í hvívetna. Starfsmenn stofnunarinnar gæta þess að farið sé með allar persónuupplýsingar sem trúnaðarmál og rita allir starfsmenn undir trúnaðaryfirlýsingu. Þá skal þess einnig gætt ef vinnsla persónuupplýsinga er að

einhverju leyti í höndum þriðja aðila, skuli þeir starfsmenn þriðja aðila sem hafa aðgang að upplýsingunum einnig rita undir trúnaðaryfirlýsingu.

Réttindi skráðs einstaklings og aðgangur að gögnum

Almenna reglan er sú að allir einstaklingar eiga rétt á að fá aðgang að og afrit af persónuupplýsingum sem sjóðurinn vinnur um þá.

Einstaklingur getur lagt fram kvörtun til Persónuverndar sem fer með eftirlitshlutverk á sviði persónuverndar, sjá heimasíðu stofnunarinnar: www.personuvernd.is.

Varðveisla gagna

Erindi sem berast stofnuninni og gögn sem varða viðkomandi mál eru geymd í málaskrá stofnunarinnar. Menntasjóðurinn er afhendingarskyldur aðili í skilningi laga nr. 77/2014 um opinber skjalasöfn og er óheimilt að eyða skjölum úr skjalasafni sínu nema með grisjunarheimild þjóðskalavarðar. Stofnunin hefur sett sér geymslu- og grisjunaráætlun. Stofnunin mun eyða gögnum um leið og það er heimilt samkvæmt lögum.

Breyting á persónuverndarstefnu Menntasjóðs námsmanna

Stofnunin mun vinna að áframhaldandi þróun og betrubótum varðandi verklag um meðferð á persónuupplýsingum. Þá mun stofnunin endurskoða stefnu þessa reglulega eftir því sem tilefni er til.

Stefna þessi á við alla starfsemi stofnunarinnar Menntasjóðs námsmanna.